

Fundargerð stjórnar BÍS 05/2011.

Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123, miðvikudaginn 2. mars 2011 kl. 17:30

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Hallfríður Helgadóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Margrét Vala Gylfadóttir, formaður fræðsluráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskrárráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Dagskrá:

1. Setning: BB bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar: samþykkt.
3. Starfsyfirlit og fleira: Starfsyfirlit skrifstofu, fræðsluráðs, Úlfjótsvatnsráðs, minnisblað frá minjanefnd og fundargerð fararstjórnar Jamboree lágu fyrir.
4. Mál tengd WOSM:
 - a. Aðildargjöld: Samkvæmt samþykkt heimspings WOSM munu aðildargjöld BÍS hækka um 5%.
 - b. Needs and Strengths Analysis: Evrópustjórn WOSM óskar eftir svörum við þessari könnun fyrir 31. mars. Farið verður í þessa vinnu strax eftir Skátapiing.
 - c. Vinnuhópar Evrópustjórnar WOSM 2010-2013: Hulda og Jón Ingvar hafa verið valin í vinnuhópa næsta tímabil.
5. Handbækur foringja og annað stuðningsefni í vinnslu: Rætt var um táknaena ramma aldursbilanna og þarfir skátanna. Handbók drekaskátaforingja er langt komin, handbók fálkaskátaforingja er skemmst á veg komin og handbók dróttaskátaforingja er komin vel á veg.
6. Viðburðir BÍS: Rætt var hvernig viðburðir eru kynntir á Skátavefnum og annarsstaðar.
7. Úlfjótsvatn, rekstrarfyrirkomulag: Fyrirliggjandi tillögu um að breyta rekstarfyrirkomulagi Útilífsmiðstöðvar skáta á Úlfjótsvatni í einkahlutafélag hefur verið hafnað af stjórn Skátasambands Reykjavíkur, sem þó óskaði í uppfari eftir að þessi leið yrði könnuð. Stjórn BÍS harmar þessa niðurstöðu.
8. Skátapiing: Farið var yfir dagskrá þingsins, hvenig unnið verður með stefnumótun og lagabreytingar og kynningar framboða.
9. Önnur mál:
 - a. Þingsályktunartillaga menntamálanefndar Alþingis: Menntamálanefnd Alþingis hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um heildarúttekt á starfsemi æskulýðs- og ungmennasamtaka á Íslandi. Þar sem tillaga þessi snýst nánast eingöngu um úttekt á þeim samtökum sem mynda Æskulýðsvettvanginn mun stjórn hans hittast og ræða viðbrögð.

Umræðuefni: Fjárhagsáætlun 2011-2012: FF kynnti drög að rekstrarreikningi BÍS 2010 og fjárhagsáætlun 2011-2012. Búið er að sundurgreina reksturinn meira en áður var. Stjórn samþykkir drög að fjárhagsáætlun verði lögð fyrir Skátapiing. FF þökkuað mikil og góð vinna.

Fleira ekki rætt, fundargerð ritaði JA, fundi slitið 20:10